

**SAMÞYKKT**  
**um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp**  
**Grímsnes- og Grafningshrepps nr. 88/2001.**

1. gr.

Í stað orðsins „félagsheimilinu“ í 7. gr. samþykktarinnar kemur: stjórnarsýsluhúsinu.

2. gr.

Síðasta málsgrein 11. gr. samþykktarinnar fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 49. gr. samþykktarinnar:

- a. 2. töluliður fellur niður.
- b. 8. töluliður verður svohljóðandi: *Skipulagsnefnd*. Einn aðalmaður og annar til vara í sameiginlega nefnd skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og skv. samningi um sameiginlega skipulagsnefnd uppsveita Árnessýslu.
- c. 14. töluliður verður svohljóðandi: *Æskulýðs- og menningarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
- d. 15. töluliður verður svohljóðandi: *Veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
- e. Númer töluliða 49. gr. samþykktarinnar breytast í samræmi við þessar breytingar.

4. gr.

Í stað orðanna „Fyrir lok janúarmánaðar“ í 1. mgr. 57. gr. samþykktarinnar kemur: Fyrir lok desembermánaðar.

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps hefur sett skv. 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 12. desember 2006.*

F. h. r.  
**Guðjón Bragason.**

---

*Stefanía Traustadóttir.*